



## I. kafli – Nafn og markmið

### 1. grein

ASÍ-UNG er samráðsvettvangur ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ.

### 2. grein

Hlutverk ASÍ-UNG er: Að vera til staðar sem samstarfsvettvangur, álitsgjafi og umsagnaraðili um öll mál sem tengjast ungu fólki innan verkalýðshreyfingarinnar.

Að standa vörð um hagsmuni ungs launafólks gagnvart stjórnvöldum og öðrum samtökum.

ASÍ-UNG fræðir og hvetur ungt fólk til þátttöku og áhrifa innan verkalýðshreyfingarinnar með því að styðja við fræðslu og skapa vettvang fyrir ungt fólk til að kynnst og vinna saman innbyrðis, þvert á félög.

Framkvæmdir í þessu skyni annast þing ASÍ-UNG, formaður, stjórn ASÍ-UNG og ungt launafólk innan aðildarfélaga ASÍ.

### 3. grein

Markmið ASÍ-UNG er:

Að allt ungt launafólk á vinnumarkaði sé í stéttarfélögum og njóti réttinda og þjónustu sem því fylgir.

Að ungt launafólk taki virkan þátt í starfi aðildarfélaga ASÍ. Að efla starf aðildarfélaga ASÍ í málefnum ungs launafólks.

Að vera vettvangur stefnumótunar í málefnum ungs launafólks.

## II. kafli – Þing ASÍ-UNG

### 4. grein

Þing Ungs launafólks skal halda árlega, fyrir lok nóvembermánaðar og ákveður stjórn ASÍ-UNG þingstað og þingtíma.

Aðildarfélög ASÍ hafa rétt til að senda ákveðinn fjölda fulltrúa í hlutfalli við fjölda fullgildra félagsmanna á þing ASÍ-UNG með full réttindi, eftir svohljóðandi reiknireglu:

< 5000 félagsmenn = 1 fulltrúi

5000 - 10.000 félagsmenn = 2 fulltrúar

10.001 - 20.000 félagsmenn = 3 fulltrúar

20.001 - 40.000 félagsmenn = 4 fulltrúar

> 40.000 = 5 fulltrúar

Félög sem eiga aðeins rétt á einum fulltrúa hafa rétt á að senda aukafulltrúa með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

#### **5. grein**

Þing ASÍ-UNG hefur æðsta vald í öllum málum ASÍ-UNG. Það er lögmætt, ef löglega er til þess boðað.

#### **6. grein**

Boða skal til þings ASÍ-UNG með minnst tveggja mánaða fyrirvara .

#### **7. grein**

Þingi ASÍ-UNG skal stjórnað skv. þingsköpum eins og þau eru á hverjum tíma. Um breytingar á þingsköpum ef einhverjar eru skal fjallað að lokinni þingsetningu.

#### **8. grein**

Álit og ályktanir í stórmálum er stjórn ASÍ-UNG ætlar að leggja fyrir þing ASÍ-UNG skal senda aðildarfélögum ASÍ eigi síðar en 8 vikum fyrir þingið, nema sérstakar ástæður hamli. Þá skal sömuleiðis senda aðildarfélögum dagskrá þingsins.

Mál þau og tillögur sem einstök aðildarfélög óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu send stjórna 6 vikum fyrir þingið. Skal stjórn ASÍ-UNG leggja mál þau og tillögur fyrir þingið, ásamt umsögn sinni.

Stjórn ASÍ-UNG er heimilt að senda aðildarfélögum umræðuskjöl til undirbúnings álita og ályktana frá vinnuhópum þingsins. Slík umræðuskjöl skulu send aðildarfélögum ASÍ-UNG 8 vikum fyrir þingið.

#### **9. grein**

Í öllum málum ræður einfaldur meirihluti, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 9. gr.

Stjórn eða minnst 5 fulltrúar, geta krafist leynilegrar atkvæðagreiðslu um mál.

Stjórn ASÍ-UNG eða minnst 5 fulltrúar geta krafist atkvæðagreiðslu þar sem eftirfarandi regla, sbr. 4. og 5. mgr. 9. gr., gildir til að tillaga teljist samþykkt.

Atkvæðisréttur fulltrúa aðildarfélaga skiptist að jöfnum hlutföllum miðað við höfðatölu þeirra sem mættir eru á þingið.

Til þess að tillaga teljist samþykkt þarf hún að hljóta einfaldan meirihluta atkvæða skv. 4. mgr. og atkvæði meirihluta þeirra fulltrúa sem fundinn sækja.

Um kosningu stjórnar og annarra embætta fer skv. 15. gr.

#### **10. grein**

Kjörgengir á þing ASÍ-UNG eru allir fullgildir félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ á aldrinum 16-35 ára.

Aðildarfélögum ASÍ er skylt að láta fara fram kosningu aðal-, vara- og aukafulltrúa á þing ASÍ-UNG úr hópi félaga sinna 16-35 ára. Atkvæðisrétt hafa eingöngu félagsmenn á aldrinum 16-35 ára.

Stjórn ASÍ-UNG ákveður við hvaða dagsetningu lokaskil á nöfnum aðal-, vara- og aukafulltrúa skulu hafa átt sér stað.

Aðildarfélögin hafa ekki rétt til að senda fulltrúa til þings ASÍ-UNG umfram það sem að framan greinir. Atkvæðisréttur þess fulltrúa sem forfallast flyst til varamanns þess aðildarfélags. Mæti hvorki fulltrúi eða varamaður til þingsins, fellur atkvæðaréttur þess fulltrúa niður.

Hvert aðildarfélag ber sjálf allt kostnað af fulltrúa sínum á þing ASÍ-UNG en ASÍ skal þó standa straum af lágmarksendurgreiðslu vegna ferðakostnaðar sem einstök aðildarfélög verða fyrir, samkvæmt reglugerð sem sett er af sambandsþingi ASÍ.

#### **11. grein**

Stjórn ASÍ-UNG getur kvatt saman aukabing, þegar mjög mikilvæg og óvænt mál ber að höndum.

Stjórn ASÍ-UNG er skylt að kalla saman aukabing, ef meirihluti aðildarfélaganna innan ASÍ krefjast þess skriflega og greina það eða þau málefni er leggja á fyrir þingið. Skal þingið kallað saman með eins skömmum fyrirvara og aðstæður frekast leyfa.

#### **12. grein**

Fulltrúar á aukabingi eru þeir sömu og á síðasta þingi ASÍ-UNG.

#### **13. grein**

Félög, sem hafa ekki starfað á tímabilinu milli sambandsþinga ASÍ, hafa ekki sent skýrslu skv. 2. mgr. 47. gr. laga ASÍ, reikninga skv. 3. mgr. 47. gr. laga ASÍ eða hafa vanrækt skattgreiðslur skv. IX. kafla laga ASÍ eiga ekki rétt á fulltrúum á þing ASÍ-UNG.

### **III. kafli – Stjórn ASÍ-UNG**

#### **14. grein**

Stjórn ASÍ-UNG hefur æðsta vald í öllum málefnum ASÍ-UNG á milli þinga nema lög þessi eða lög ASÍ geymi ákvæði um annað.

Stjórn ASÍ-UNG stýrir þingum ASÍ-UNG og samræmir störf ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ á milli þinga.

Stjórn ASÍ-UNG stjórnar daglegri starfsemi ASÍ-UNG í samræmi við samþykkt þessa og ályktanir þinga ASÍ-UNG.

#### **15. grein**

Stjórn ASÍ-UNG skipa níu stjórnarmenn. Varamenn í stjórn eru þrír.

Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn á þingi ASÍ-UNG. Skal kjósa á víxl annars vegar fimm stjórnarmenn og hins vegar fjóra stjórnarmenn.

Varamenn í stjórn eru þrír og skal kosið í þær stöður á hverju þingi til eins árs í senn.

Kjörgengir í stjórn ASÍ-UNG eru fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ á aldrinum 18-35 ára.

Kjörnefnd gerir tillögu um aðal- og varamenn í stjórn í samræmi við þau sæti sem eru í kjöri hverju sinni sbr. 2. mgr.

Í kjörnefnd skal kjósa á hverju þingi þrjá einstaklinga.

Þegar tillaga kjörnefndar liggur fyrir er öðrum þingfulltrúum heimilt að lýsa yfir framboði til stjórnar eða varastjórnar innan þess frests sem fundarstjóri veitir. Berist ekki önnur framboð er sjálfkjörið í embætti.

Berist fleiri framboð fer fram leynileg kosning um öll sæti í stjórn ASÍ-UNG. Þeir einstaklingar sem flest atkvæði fá í þau stjórnarsæti sem kosið er um hverju sinni teljast rétt kjörnir í stjórn ASÍ-UNG. Með sambærilegum hætti er kosið vegna varamanna til stjórnar.

Við kjör stjórnar ASÍ-UNG skal leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og landssvæða og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

Enginn er löglega kosinn í stjórn eða varastjórn ASÍ-UNG nema hann fái a.m.k. helming greiddra atkvæða.

Atkvæðisréttur fulltrúa aðildarfélaga skiptist að jöfnum hlutföllum miðað við höfðatölu þeirra sem mættir eru á þingið.

Bráðabirgðaákvæði vegna breytingatillögu á tilhögun stjórnarkjörs: Á þingi ASÍ-UNG árið 2020 skal kjósa fjóra stjórnarmenn til eins árs.

#### **16. grein**

Stjórn ASÍ-UNG skal skipta með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar eftir hvert þing ASÍ-UNG. Kjósa skal formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Stjórn ASÍ-UNG heldur fundi, þegar formaður kalla hana saman, eða ef minnst þrjú stjórnarmenn æskja þess.

Fundur stjórnar er lögmætur, þegar meirihluti stjórnarmanna er viðstaddur.

### **III. kafli – Stjórn ASÍ-UNG**

#### **17. grein**

Samþykktum ASÍ-UNG má aðeins breyta á þingi ASÍ-UNG. Breytingu á samþykktum skal ræða við tvær umferðir. Breyting telst ekki samþykkt, nema hún hljóti 2/3 atkvæða á þingi ASÍ-UNG og öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu miðstjórnar ASÍ.

Tillögur til breytinga á samþykktum sem stjórn ASÍ-UNG leggur fram skal senda aðildarfélögum eigi síðar en 8 vikum fyrir þing ASÍ-UNG.

Tillögur til breytinga á samþykktunum, sem aðrir bera fram en stjórn ASÍ-UNG skulu sendar stjórn ASÍ-UNG ekki síðar en 6 vikum fyrir þing. Með þær skal farið eftir því sem segir í 8.gr.en þó skal senda aðildarfélögum tillögurnar ásamt umsögn stjórnar ASÍ-UNG eigi síðar en 2 vikum fyrir þingið.

Samþykkt á 6. þingi ASÍ-UNG 11. september 2020

Samþykktum breytt á 8. þingi ASÍ-UNG 16. september 2022